

Mánudaginn 18. febrúarmán.

Nr. 1/1889.

Rjettvísín

gegn

Einari Einarssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 10. desembermán. f. á., var hinn ákærði, Einar Einarsson, tómthúsmaður í Reykjavík dæmdur fyrir brot gegn 101. og 102. gr. hinna almennu hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað.

Dómi þessum er að beiðni hins ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik málsins eru þessi: Í októbermánudi í haust, er leið, var hinn ákærði á gangi hjer í Reykjavík með öðrum manni, er var drukkinn, og var með háreysti og ólátum á strætunum. Kom þá lögregluþjónn Þorvaldur Björnsson þar að og áminnti hann um að láta af þessu, en er það ekki stöðaði, skoraði lögregluþjónninn á ákærða að hjálpa sjer til að koma manningnum í geymsluvarðhald. Kvaðst ákærði ekki vera skyldur til þess, sagði samfylgdarmann sinn vera siðlegan, en við lögregluþjónninn sagði hann, að hann (lögregluþjónninn) væri fullur og vitlaus. Lögregluþjónninn fjeck nú aðra hjálp, en þá reyndi hinn ákærði til að aptra því, að samfylgdarmaður hans væri handsamaður, sumpart með því að telja hjálpara lögregluþjónsins af að veita honum liðsinni, af því þeim bæri ekki skylda til þess, sumpart með því að hanga utan í lögregluþjóninum og aðstöðarmönnum hans og tefja fyrir þeim. Þótt ætla megi, að hinn ákærði hafi verið nokkuð drukkinn við

þetta tækifæri, virðist hann þó enganveginn hafa verið viti sínu svo fjær, að hann ekki vissi hvað hann aðhafðist.

Þetta brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og sem ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefur hjeradsdómarinn með rjettu dæmt eptir 101. og 102. gr. hegningarlagna, og með því landsyfirdómurinn fellst á ákvæði hjeradsdómsins bæði að því er snertir hina ídæmdu hegningu, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og málskostnað, ber að staðfesta hann.

Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, er þykja hæfilega ákveðin 8 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hinn ákærði Einar Einarsson á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflytningu mannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briems, 8 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.